

Ársskýrsla Vorstehdeildar 2025

Skýrsla er lögð fram á aðalfundi Vorstehdeildar þann 24. Febrúar 2026 í sal HRFÍ á Melabraut 17. Hafnarfirði.

Á ársfundi fyrir árið 2024 viku úr stjórn:

- Hannes Blöndal
- Brynjar S. Sigurðsson
- Arnar Már Ellertsson

Kosin voru inn í stjórn:

- Jón Valdimarsson (kosinn til tveggja ára)
- Sigrún Guðmundsdóttir (kosinn til tveggja ára)
- Eydís Gréta Guðbrandsdóttir (kosin til eins árs, vegna afsagnar Arnars fyrir en áætlað var).
- Friðrik Þór og Hafrún sátu áfram í stjórn þar sem þau áttu ár eftir af setu í stjórn.

Stjórn fyrir árið 2025 var þannig skipuð:

- Friðrik Þór Hjartarson (formaður)
- Sigrún Guðmundsdóttir (gjaldkeri).
- Hafrún Sigurðardóttir (meðstjórnandi)
- Jón Valdimarsson (ritari)
- Eydís Gréta Guðbrandsdóttir (meðstjórnandi)

Fyrir árið 2026 eru fjögur sæti laus í stjórn:

- 3 sæti til 2 ára (sæti Friðriks, Eydísar og Hafrúnar sem hafa setið út það tímabil sem þau voru kjörin)
- 1 stæti til 1 árs (sæti Sigrúnar, en hún óskaði eftir afsögn stuttu fyrir ársfund deildarinnar)
- Jón var á síðasta fundi kjörin til 2 ára og situr hann því áfram í því sæti í eitt ár í viðbót

Got á árinu

Vorsteh stofninn stækkaði á árinu. Það komu 10 strýhærðir og 7 snögghærðir.

Strýhærðir Vorsteh

Faðir: G-Boss Jr av Brandsegg Søndre

Móðir: Ice Artemis Aríel

Fæddust 10 hvolpar 02.04.2025

Snögghærðir Vorsteh

Faðir: Kjartan Tarfur

Móðir: Zeldu DNL Rökkva

Fæddust 7 hvolpar 15.10.2025

Stjórn deildarinnar óskar ræktendum innilega til hamingju með afkvæmin.

Landnemar

2 nýjir landnemar komu til Íslands á síðasta ári, þau Garún Vom Haus Jevtíc og Hunt Hard Gundog F One Bugatti.

Garún er Snögghærð Vorsteh tík sem kemur frá Serbíu og er fædd 03.04.2024, hún er svört roan með hvítum merkingum.

Garún er ræktuð af Branimir Bane Jevtíc (Kennel von Haus Jevtíc).

Eigandi er Friðrik G. Friðriksson.

Bugatti er Snögghærður rakki sem kemur frá Svíþjóð. Bugatti er fæddur 14.12.2024. Bugatti er ræktaður af Christo Mostert og Louise Johansson og heitir ræktunin Hunt Hard Gundogs.

Eigandi er Hafrún Sigurðardóttir.

Námskeið með Alexander Kristiansen

Deildin hélt sóknar námskeið í samstarfi við Fuglahundadeild og Deild Enska Setans, sem tókst mjög vel.

Fengin var Alexander Kristiansen frá Noregi til þess að halda námskeiðið og óháða fyrirlestra um almenna þjálfun á standandi fuglahundum. Var viðburðunum vel tekið og fullt hús var á fyrirlestrinum og öll sæti á námskeiðinu voru setin.

Veiðipróf

Vorsteheild hélt 3 veiðipróf á árinu, 2 heiðarpróf og 1 sækipróf. Góð þátttaka var í prófunum, frábær stemning og ánægja var á meðal þáttakenda og dómara.

- Sækipróf var dæmt af Alexander Kristiansen frá Noregi.
- Heiðarpróf voru dæmd af:
Alexander Kristiansen
Tore Christian Røed
Kjartan Lindbøl
Einar Kalda

Stjórn vill þakka dómurum, fulltrúum HRFÍ, þátttakendum í prófum og öllum sem aðstoðuðu okkur á árinu kærlega fyrir.

Vorpróf Vorsteheildar

Prófið var haldið daganna 11-13 apríl 2025

Prófað var í unghundaflokki og opnumflokki ásamt keppnisflokki

Dómarar voru Tore Chr. Røed frá Noregi og

Einar Kaldi sem var einnig fulltrúi HRFÍ.

Prófstjórar voru Jón Valdimarsson og Hafrún Sigurðardóttir

Árangur Vorsteh-hunda:

Opinn flokkur

1.einkunn og BHP

Heiðnabergs Milla (snögghærður Vorsteh)

Leiðandi Pétur Alan

Dómari Einar Kaldi

2.einkunn

Arkenstone með Allt á Hreinu (Erró) (snögghærður Vorsteh)

Leiðandi Jón Valdimarsson

Dómari Einar Kaldi

Sækipróf Vorstehdeildar

Sækiprófið var haldið daganna 14. og 15. Júní 2025

Prófað var í unghunda og opnum flokki

Dómari var Alexander Kristiansen

Fulltrúi HRFÍ var Unnur Unnsteinsdóttir

Prófstjórar voru Friðrik Þór Hjartarson og Arna Ólafsdóttir

Árangur Vorsteh-hunda:

Opinn flokkur – fyrri dagur

Ljósufjalla Heiða – 2. einkunn BHP (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Friðrik Þór Hjartarson

Ice Artemis Aríel – 2. einkunn (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Arnar Már Ellertsson

Ice Artemis Skuggi – 2. einkunn (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Hannes Blöndal

Opinn flokkur – seinni dagur

Ljósufjalla Heiða – 1. einkunn BHP (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Friðrik Þór Hjartarson

Ice Artemis Skuggi – 1. einkunn (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Hannes Blöndal

Ice Artemis Aríel – 1. einkunn (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi: Arnar Már Ellertsson

Arkenstone með Allt á Hreinu (Erró) – 2. einkunn
(snögghærður Vorsteh)

Leiðandi: Jón Valdimarsson

Haustróf Vorstehdeildar

Prófið var haldið daganna 10-12 október 2025

Prófað var í unghunda og opnum flokki ásamt keppnisflokki.

Dómarar voru Alexander Kristiansen frá Noregi og Kjartan Lindbøl frá Noregi

Fulltrúi HRFÍ var Guðjón Arinbjarnar

Prófstjóri var Jón Valdimarsson

Árangur Vorstehhunda

Fyrri dagur

Unghunda flokkur

Garun Vom Haus Jevtic – 2. einkunn BHP (snögghærður Vorsteh)

Leiðandi Friðrik G. Friðriksson

Tjaldur – 3. einkunn (snögghærður Vorsteh)

Leiðandi Þórir Guðnason

Opinn flokkur

Ljósufjalla Heiða – 1. Einkunn (strýhærður Vorsteh)

Leiðandi Friðrik Þór Hjartarson

Seinni dagur

Opinn flokkur

Arkenstone Með Allt á Hreinu - Erro – 3. Einkunn BHP (snögghærður Vorsteh)

Leiðandi Jón Valdimarsson

Einnig stóðu Vorsteh-hundar sig frábærlega í prófum hjá öðrum deildum, bæði eftir Norskum og Sænskum reglum á heiði og í sækiprófum,

Við óskum öllum leiðendum og Vorstehhundum til hamingju með árangurinn í veiðiprófum og sýningum á árinu.

Sýningar HRFÍ

Sýningarárangur Vorsteh hunda árið 2025 var góður.

Deildasýning Fuglahunda 25. Maí 2025

Vorstehdeild hélt í samstarfi við Fuglahundadeild, Deild Enska Setans og írsk setter deild vel heppnaða deildarsýningu í annað sinn eftir langt hlé.

Deildirnar hafa notið góðs af því að samnýta dómara með Retreiver deild sem lækkar kostnað umtalsvert. Sýningin var haldin á Víðistaðatúni og var skráningin góð og kom sýningin út í plús.

53 hundar af 11 tegundum voru skráðir á sýninguna ásamt 15 ungum sýnendur sem allir sýndu hunda úr tegundahópi 7. Þá var snögghærður vorsteh annar besti hundur sýningar.

Í heildina stóðst Vorsteh hundum til boða að taka þátt í 8 sýningum að meðtalinni deildarsýningunni og voru í heildina skráðir 46 hundar.

Til gamans má geta að af þessum 8 sýningum, komust Vorsteh hundar í grúbbu sæti á 7 sýningum.

Deildin þakkar kærlega, öllum þeim sem störfuðu og/eða aðstoðuðu við viðburði deildarinnar á liðnu ári

Stigahæstu Vorsteh-hundar 2025

Stigahæstur í unghunda flokki

Garun Vom Haus Jevtic (snögghærður Vorsteh) með 6 stig.
Eigandi Friðrik G. Friðriksson

Stigahæstir í Opnum flokki

Arkenstone Með Allt á Hreinu (Erró) (snögghærður Vorsteh)
Eigendur: Jón Valdimarsson og Hilda Björk Friðriksdóttir

Ice Artemis Aríel (strýhærður Vorsteh)
Eigandi: Arnar Már Ellertsson

Aríel og Erró voru jöfn á stigum með 17 stig.

Stigahæstur í Keppnisflokki

Heiðnabergs Milla (snögghærður Vorteh) með 6 stig.
Eigandi: Pétur Alan Guðmundsson

Stigahæstir í heild (Over All)

Arkenstone Með Allt á Hreinu (Erró) (snögghærður Vorsteh)
Eigendur: Jón Valdimarsson og Hilda Björk Friðriksdóttir

Ice Artemis Aríel (strýhærður Vorsteh)
Eigandi: Arnar Már Ellertsson

Aríel og Erró voru jöfn á stigum með 17 stig.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar árið 2025 voru

Dýrakofinn á Selfossi

Óstöðvandi (Non-stop á Íslandi)

Vikingknifes.

Vorsteðdeild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn án þeirra væri erfitt að halda þessa glæsilegu viðburði.